

Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur 13. desember 2022

Fundur; 11.fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning; Zoom

Mætt:

Aðalstjórn; Freyr Ólafsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Jóhann Haukur Björnsson

Varastjórn; Hjördís Ólafsdóttir, Rannveig Oddsdóttir

Starfsmenn; Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 16.30 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi

Fundur settur. Uppskeruhátíð haldin og val á frjálsíþróttakarli og -konu afgreidd á milli funda.

2. Reglugerðir FRÍ, breytingar

Vinnsla í gangi hjá vinnunefnd stjórnar og vel á veg komin. Samþykkt að sameina breytingartillögur og senda út til kynningar á hreyfinguna þegar nefndin skilar af sér

3. Gjaldskrá FRÍ, breytingar

Samþykkt að senda út í kynningu á aðilldarfélög á hreyfinguna en um breytingar á gjaldskrá er að ræða sem kynnt var á formannafundi dags. 8.11.2022.

4. Útbreiðsluverkefni 2023

Stóri FRÍ dagurinn er í vinnslu og miðar skipulagningu vel áfram.

Einnig er annað tengt verkefni sem hefur fengið vinnheitið FRÍ-mínútan í vinnslu.

5. Miðlunarteymi FRÍ og samstarf við félög

Umræða nokkur um að skapa ramma með aðstoð FRÍ við félögin. FRÍ getur komið að kynningu og auglýst mótin sérstaklega. Félögin eiga fullt í fangi með að klára grunn framkvæmd móta og þurfa aðstoð við umgjörðina. Skrifstofa FRÍ setur sig í samband við þau félög sem eru að halda mót.

6. Þróun stjórnhugbúnaðar FRÍ

Alþjóðlegt teymi hefur verið stofnað til að taka þetta mikilvæga verkefni áfram en vinnan undanfarna áratugi hefur verið á höndum frábærra sjálfboðaliða sem eðli málsins samkvæmt hafa ekki tíma til að klára eða vinna hraðar en raun ber vitni. Bergur Hallgrímsson mun leiða hópinn. Stefnan er að skrifstofan verði sjálfbær í náninni framtíð.

7. Erlend mót og þing og ferðir erlendis 2023

Heildarskipulagið í gangi og skjalið uppsett til skoðunar og útfyllingar.

8. Önnur mál

Heiðranir á 100 ára afmæli UMSK

Formaður var á staðnum og heiðraði Valdimar Leó Gunnarsson fyrrverandi formann UMSK og Guðmund Sigurbergsson formann UMSK og sæmdi þá silfurmerki FRÍ.

Björgvin Brynjarsson verður fulltrúi FRÍ á tæknifundi norðurlandanna sem fram fer í Kaupmannahöfn 14-15.12.2022.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.15

Ritun fundargerðar: Skrifstofa FRÍ